

**Skógrækt Ríkisins  
Suðurlandi**

**Ársskýrsla  
1993**

Efnisyfirlit.

Veðurfar ársins	síða 1
Vöxtur og þrif trjágróðurs	1
Starfsfólk	2
Girðingar	3
Skógarhögg	3
Jólatré	4 - 4b
Grisjun	5
Landvinnsl / Jarðvinnsla	5
(undirbúningur gróðursetn)	
Gróðursetning	6, 6a, 6b og 6c.
Gróðursetningarkort:	
Þjórsárdalur	6 d, 6e, 6f, 6g, 6h.
Haukadalur	6i, 6j, 6k, 6L.
Mosfell	6m, 6n,
Hirðing gróðursetninga	7 - 8
Byggingar	8
Vélar og verkfæri.	9
Ýmislegt	9 - 10
Skóglendi Sk.rík.	
Ferðalög og fundir	
Vegagerð	11
Myndir Haukadalur	12 - 13
Myndir Þjórsárdalur	14 - 15
Myndir Holtadalur V-Skaft	16
Fylgiskjal 1. Friðun Áslákst.	17 - 19
Blaðafurklippa	
Ferð oddvita á Flóam. afrétt	20
Fylgiskjal 2. Trjásjúkdómar	
Úttekt Guðm Halldórssonar	21 - 23
Graf. Aföll á Lerkiplöntum	24
Fylgiskjal 3. Fundargerð	
Þjórsárdalsnefndar 11/6 93	25 - 26
Myndir af Þjórsárdalsnefnd	27
Fylgiskjal 4. Kynniserð í	28 - 30
Mosfell og Haukadal	
Samningur um leigu á Hallslaut	31
Greinargerð v.göngu og	32 - 33
náttúrustíga í Haukadal	
Skiðadagur fjölskyldunnar	33a - 33b
Eignaskrá Skógr. Ríkisins S.L	34 - 37.
Jólatréssala Auglýsing	38
Wc hústekningar	39 - 44

# Ársskýrsla Skógarvarðarins á Suðurlandi 1993.

---

## 1. Veðurfar ársins.

- jan: Enginn bloti. Snjóar talsvert. Snjór á snjó. Minna í uppsveitum.  
feb: Skiptust á sunnan veður með rigningu og éljum. Umhleyppingasamt.  
mars: Umhleyppingasamt. Snjóar allmikið um miðján mánuð. 19/3 = 50 cm jafnfallinn snjór.  
Síðustu dagar mars: allmikið frost 8- 10 gráður.  
apríl: Skapleg veður. Sólbráð, en bætir oft á snjó.  
maí: Fyrri hluti: skaplegt veður: 15/5 Norðan garður, sandrok á Rangárvöllum 4 gráðu hiti.  
Svipað veður til 19/5. Jörð orðin frostlítill 24/5 er gróðursetning hefst í lágsvæitum á herfuðu landi.  
júní: Þurt heldur kalt.  
júlí: Mjög þurr og sólríkur en kaldur. Næturhiti lár, enda heiðskírt.  
ágúst: Keimlíkur júlí. 8/8= fyrsta rigningin í háa herrans tíð. 10/8 næturfrost, kartöflugrös falla víða á suðurlandi. Víða sér á skjólbeltum í lágsvæitum sunnanlands, sérstaklega í lægðum og dældum.  
Bartré sleppa að mestu.  
sept: Afburða gott veður allan mánuðinn utan 4 daga undir lokin. Kartöflugrös rétta við eftir næturfrostin í ágúst.  
okt: Norðanáttir, hjart og kalt. Síðustu 5 dagana er rigning og 8-10 gráðu hiti.  
nóv: S-v áttir ríkjandi. Fyrsti snjór vetrarins 9/11. Éljahraglandi.  
des: Norðanáttir að mestu. Frost 5-8 gráður að jafnaði, með undantekningur auðvita. Erfitt veður til jólatrjááhöggs.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1. Laufgun og lauffall.

Laufgun og lauffall ekki skráð. Laufgun viku seinna en vant er, eða kringum mánaðarmót maí/júní.  
Lauffall. Birki í uppsveitum snögggulnaði helgina 18-19/9, en hafði staðið grænt þangað til.

### 2.2. Vöxtur.

Vöxtur í slöku meðallagi á flestum tegundum. Fura þó með áberandi stutta árssprota.

### 2.3. Fræfall

Ekkert fræfall, engu safnað.

### 2.4. Skaðar.

Lerkiplöntur létu nokkuð á sjá undan norðanveðrum snemma vors.  
Skaðar á lerkiplöntum vegna ranabjölluárása. Sjá úttekt Guðmundar Halldórssonar.  
Stærri lerki virðast hafa jafnað sig mikið eftir ræfilslegt útlit á síðasta ári. Líklega má þakka það þurru og sólríku sumri. Nokkuð er þó ennþá áberandi skaðar eftir Lerkiátusveppinn

### 3. Starfsfólk.

Alls komust 25 manns á launaskrá 1993. Nöfn þeirra eru:

1. Ásbjörn Sigurðsson	Réttarholti 1	Selfossi.
2. Bergur Þ. Björnsson	Skriðufelli	Gnúp.
3. Björgvin Ö. Eggertsson	Haukadal	Biskupstungur
4. Böðvar Guðmundsson	Sigtún 9	Selfossi
5. Garðar Þorvarðarson	Vorsabæ 3	Reykjavík
6. Guðm.Ármann Böðvarsson	Sigtún 9	Selfossi
7. Kristjana Hallgrímsdóttir	Sigtún 9	Selfossi
8. Magnea Bjarnadóttir	Sigtún 9	Selfossi
9. Guðmundur Jónsson	Réttarholti 1	Selfossi
10. Friðrik Sölvi Þórarinnsson	Gauksrima 21	Selfossi
11. Orri Örn Árnason	Sæviðarsundi 25	Reykjavík.
12. Karen Erlingsdóttir	Vallholti 41	Selfossi
13. Guðný Birgisdóttir	Álftarima 6	Selfossi
14. Böðvar Þ. Unnarsson	Reykholti	Biskupstungur.
15. Hafsteinn Róbertsson	Eyjarvegur 10	Selfossi
16. Geirmundur Sigurðsson	Reyrhaga 4	Selfossi
17. Magnús Magnússon	Árbakka	Biskupstungum.
18. Óðinn Valdemarsson	Grashaga 6.	Selfossi
19. Guðmundur Bárðarson	Lambhaga 40	Selfossi
20. Sævar Óli Helgason	Úthaga 16	Selfossi
21. Dagbjartur Jónsson	Lágengi 2	Selfossi
22. Kjartan Vilhjálmsson	Hjarðarholti 9	Selfossi
23. Þórir Tryggvason	Reyrhaga 19	Selfossi.

Þrír menn unnu allt árið, þeir Böðvar, Björgvin og Friðrik. Björgvin var lánaður til skógarvarðarins í Skorradal í nóv og des. eins og undanfarin ár, ásamt X 8317.

Ráðskonur voru: Haukadalur, Kristjana Hallgrímsdóttir og Karen Erlingsdóttir.  
Þjórsárdalur, Magnea Bjarnadóttir.

Haukadasflokkur var mannaður á hefðbundinn hátt með fólki sem flest er búið að vera hjá okkur áður.

Verkstjóri í Haukadal var Björgvin Eggertsson. Þessi flokkur sá um framkvæmdir í Haukadal, Mosfelli,

Hrauntúni, Laugarvatni og einnig sem verktaki á Snæfoksstöðum hjá Skógræktarfélagi Árnesinga.

Þjórsárdalsflokkur var mannaður að mestu með piltum frá Selfossi, fengnum gegnum Bæjarsjóð Selfoss,

en kostaðir að hálfu af atvinnuleysistryggingarsjóði. Kostnaður við þá 6 piltu sem þannig komu inn var um 950 þús (m.vsk.) Verkstjóri var Magnús Magnúson frá Árbæ í Biskupstungum. Flokkurinn vann mest við grisjun og frásögun í Þjórsárdal.

Hjá okkur í Þjórsárdal var einnig starfandi hollenskur skógræktarstúdent Leo Bueteliar að nafni. Var reynt að láta hann komast í fjölbreytileg verk svo hann kynntist starfinu nokkuð.

Öllu starfsfólki var gefið frí 4 daga eftir Verzlunarmannahelgi.

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald.

#### 4.1.1. Þjórsárdalur:

Venjulegt viðhald 1993.

Nokkuð hefur verið rætt um að stækka Þjórsárdalsgirðingu inn á afréttinn austan Dímons. Þar er um að ræða Áslákstungur og megnið af sandinum milli þeirra og austur að Reykholti. Eigandinn Afréttarfélag Flóa og Skeiða, er samþykkt þessu svo framallega að Skógræktin girði og sjái um viðhald í framtíðinni. Girðingin yrði um 6 km. og við bættust ca 655 ha lands.

Sjá fylgiskjal 1.  
-----

#### 4.1.2 Haukadalur.

Venjulegt viðhald 1993.

Haukadalsgirðing er orðin afar léleg á köflum. Endurgirða þarf 1,7 km: kaflann frá Tungufljóti upp að Laugá í fyrsta umgangi. Hér þarf að girða með neti og gaddavír. Kostnaður líklega um 350.000 kr.

#### 4.1.3. Mosfell.

Venjulegt viðhald 1993.

Rétta þarf hornstaura á næsta ári. Annars í lagi.

#### 4.1.4. Hrífunes.

Sigurgeir Gíslason í Flögu í Skaftártungu sá um viðhald. Virðist girðingin halda að mestu.

#### 4.1.5. Kirkjubæjarklaustur.

Einar Bjarnason í Dalbæ sá um viðhald. Skriða hljóp á girðinguna vestan sláturhúss og eyðilagði 30 metra kafla. Við það var gert.

#### 4.1.6. Laugarvatn.

Venjulegt viðhald 1993.

Girðingin er orðin léleg á kafla vestan í fjallinu. Endurgirða þarf 5-600 m. kafla.

#### 4.1.7. Hrauntún.

Venjulegt viðhald 1993

Strekkja þarf girðinguna upp, enda byggð úr hálfgerðum tvinna í upphafi.

#### 4.1.8. Þórsmörk.

Landgræðsla Ríkisins sá alfarið um girðingarmál þar.

### 4.2. Nýgirðingar

Engar nýjar girðingar girtar á árinu.

## 5. Skógarhögg.

### 5.1. Viður.

Þjórsárdalur: Vinnuflokkurinn vann talsvert í grisjun á sitkagreni í "Gullhektörum" í Selhöfðum. Grisjaðir voru um 2,5 ha af skógi, þar sem meðalhæð er um 5 metrar og komu út úr þessu talsvert af staurum og renglum sem sett var í fúavörn og yddað.

Haukadalur. Grisjað var úr 2 tilraunareitum tilraunastöðvarinnar á Mógilsá, reitir 4023 plæingastykkinu frá 1960 og í 2030 Svartagilshvammi. Eftir á að draga efnið út.

## 5.2 Jólatré.

Jólatré voru höggin að þessu sinni í Haukadal, Laugarvatni og í Þjórsárdal.

Haukadalur: Fura í reitum 2081 Braateinsreitir, 6045 Miðskógur austan Brennigils, 2033, og 6050 á Langamel. Nokkur stór sitkagreni torgtré voru höggin heima við hlað í reit 4514 (19 stk) og í reit 3010.

Laugarvatn. 120 rauðgreni voru höggin í reitnum ofan tjaldmiðstöðvarinnar.

Þjórsárdalur: Höggið rauðgreni í Lambahöfða 2914.

## JÓLAT93.XLS

Sala jólatrjáa 1993 og dreifing þeirra til sölueðila.																					
	Björg		Sigurgeir		Landgr.sj.		Skógrækt Ríkisins		Hjálparsv.s		Handkn.d		Skyggfir		Skf.Rvk		Samtals seld tré				
	Eyrarbakki		Grúpv.hr				Selfossi		Norðl.Hveragerði		UMF Self		Helli								
	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Blá	Þinur	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Blá	Þinur	
0.70-1.00												7			3			7	3		
1.00-1.25	5	1	3	0			72	17	19	15		11	14	6	2	25	97	59	19	15	
1.25-1.50	12	0	5	5			72	76	21	25	9	4	18	9	9	0	10	125	104	21	25
1.50-1.75	7	0	3	1			74	66	10	25	2	1	6	2	2	3	3	94	76	10	25
1.75-2.00	4	0	2	0			48	22		10	1	1	4	2	3	0	1	62	26	0	10
2.00-2.50							10	4		5	1							11	4	0	5
2.50-3.00							6	4										6	4	0	0
3.00-4.00							3											3			
4.00-5.00					3		5											8			
5.00-6.00					1		8											9			
6.00-7.00							3											3			
7.00-8.00					1		2											2			
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>1</b>	<b>13</b>	<b>6</b>	<b>5</b>		<b>303</b>	<b>189</b>	<b>50</b>	<b>80</b>	<b>13</b>	<b>6</b>	<b>46</b>	<b>27</b>	<b>20</b>	<b>8</b>	<b>39</b>	<b>428</b>	<b>273</b>	<b>50</b>	<b>80</b>
Norðm.g	65kg		25 kg				458 kg					40 kg		12kg				600kg			
Nobilis							80											80kg			
Cypris							40											40kg			
Fjelleþinur							20											20kg			
Hvítþinur							15											15kg			
																		755kg			
																		<b>Samtals tré 831</b>			

### 5.3 Grisjun.

Haukadalur:  
Grisjaðir tilraunareitir: a) Greni + Fura í plæingarstykkinu frá 1960, R 4023  
b) Sitkagreni í Svartagilshvammi R 2030

Þjórsárdalur:  
Gullhektarar, hluti, í reitum 3415 og 3329 ca 2,5 ha.

Laugarvatn:  
Svolítið grisjað úr rauðgrenireit ofan við Tjaldmiðstöðina um leið og höggin voru jólatré.

Þórrsmörk.  
Sitkagrenireiturinn í Stór-Enda grisjaður og borið var á hann í leiðinni.

## 6. Landvinnsla / Jarðvinnsla. (Undirbúningur gróðursetninga)

### 6.1. Þurlendisjarðvinnsla.

Haukadalur:  
TTS herfið notað til undirbúnings gróðursetninga í reitum: 0948, 0947, 1092, 1093, 1094.

Mosfell:  
Jarðvinnsla á þurlendi er að mestu lokið og því var ekkert herfað á árinu 1992 á slíku landi. TTS herfið var notað á framræsta mýri til að búa til stæði fyrir plöntur sem plantað verður 1994 Þetta eru reitirnir 309 a,b,c og d.

Þjórsárdalur:  
TTS herfaður lítill flekkur ofan Éljabrekkna efst í reit 2350 ca 0,25 ha.

Herfun fyrir aðra:  
ca 6 ha voru herfaðir fyrir Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum suð vestan í Tjarnarhól.  
4 ha stykki var einnig herfað fyrir Jón Áskel Jónsson í Skarði í Gnúpverjahreppi.

### 6.2. Votlendisjarðvinnsla.

#### 6.2.1. Skurðgróftur.

Mosfell:  
Síðustu daga ársins voru grafnir 6 skurðir í Mosfelli. Sex þeirra eru á mýrinni norðan Einbúa. Samtals lengd þeirra er : 2,6 km Ennig var grafinn stuttur skurður i reit 308 A. Hann er 360 m langur.  
Búið var að lokræsa þær mýrar sem nú voru grafnar og var það gert af Pálma Jónssyni 1992.

#### 6.2.2. Plæing.

Mosfell:  
Plægt var með tveimur sérhönnuðum plógum til skógræktar.  
a) Spóastaðaplógur: Eigandi og hönnuður Þorfinnur Þórarinnsson á Spóastöðum í Biskupstungum. Með honum voru plægðir reitirnir 426, 408 a,b,c, 305b, 304a,b, 407a.  
Spóastaðaplógur þótti okkur full grófur og taka djúpt, þannig að plógstrengirnir urðu mjög fyrirferðarmiklir. Einkunn: hentar varla þar sem verið er að gera stæði fyrir plöntur í ný-



framræstri mýri. Hentar aftur ágætlega ef menn vilja ræsa svolítið fram um leið og plöntustæði eru sköpuð.

b) Hinn plógurinn sem er upprunnin hjá Markúsi Runólfssyni í Langagerði í Fljótshlíð og smíðaður samkvæmt hans fyrirsögn tekur grynna og strengurinn er þar af leiðandi lægri. Strengnum er ekki velt heldur færður til á réttum kili til hliðar. Það er hugsanlegt að graspróblem geti komið upp þess

vegna. Markúsarplógurinn er með fyrirskurðarhjóli.

- Reitir sem plægðir voru með Markúsarplógi eru : 426 og 365.

### 6.2.3. Landgræðsla.

Þjórsárdalur:

Lúpína. Nokkru var plantað af lúpínuhnausum í Þórðarholt suður við Þjórsá. Plantað var upp á hæstu kolla holtisins, þannig að fræ lúpínunnar geti dreift sér niður hliðarnar. Var unnið við þetta tvo daga snemma í júní. Nokkuð drapst af hnausunum vegna þurka um sumarið.

Uppgræðsla með heyi. 5 ha af túnnum Unnar á 'Asólfsstöðum voru slegin og heyið keyrt inn að Hallslaut og sett þar í börð í kanti svæðisins. Náðist að hylja öll börð þar eftir endilangri Hallslautinni.

Heyvinnuvélar og flutningsvagna sköfðu gamlir starfsmenn Skógræktarinnar þeir Rúnar Bjarnason á Reykjum Skeiðum og Haukur Haraldsson Stóru-Mástungu Gnúp.. Unnu þeir svilarnir 2 daga hvor við þetta. Einu launin sem þeir fengu fyrir þetta var flaska af góðu koníaki um áramót hand hvorum þeirra.

Skarfanes:

Landgræðslan sáði lúpínufræi með raðsáningarvél í allt svæðið frá eystri skógartorfunni og austur undir hraunbrúnina austur við landamörk Skarfanes. Sáð var í röðum með ca 50 m. millibili þvert á ríkjandi vindátt, þ.e. frá nv-sau.

### 6.2.4. Rásun í Kjarlendi.

Þjórsárdalur:

Aðeins rásað í eftirtöldum reitum: 3209 við Sandá í Selhöfðum, og 3415 í Gullhektörum.

Haukadalur: Til er rásað í H.d. reitir 3073.

## 7. Gróðursetning.

Á næstu 4 síðum koma fram gróðursetningar í Þjórsárdal, Haukadal, Mosfelli og Skarfanesi. Haukadalsflokkur sá um framkvæmdir í Haukadal og Mosfelli. Þjórsárdalsflokkur sá um gróðursetningu í Þjórsárdal og í Skarði í Gnúpverjahreppi fyrir Fasteignir Ríkissjóðs. "Leiguliðar" okkar í Skarfanesi sáu um gróðursetningu þar samkv. samningi.

Gróðursetning gekk vel, en miklir þurkar og kalt veður kann að hafa haft áhrif á lífsprótt plantna.

Í Haukadal var talsvert af plöntum plantað með húsdýraáburði. Skörð í reitum 6184 og 6186 voru þannig meðhöndluð með Blágreni. Einnig var þetta reynt með lerki.

Alls var plantað í lönd Skógræktar ríkisins á Suðurlandi 167.269 plöntum.

1993										
Gróðursetning hjá Skógrækt Ríkisins á Suðurlandi										
Þjórárdalur										
Tegund	Kvæmi	Aldur	St.	Frænr	Fjöldi	R.nr			Ath.	
Sitkagr	Tum	2/0fp35	T		175	1019			01-Jul	
Blágr.	Río Grand	2/0fp60	T	880022	360	1019	Hagafjall		01-Jul	
Rauðgr.	Drevja	3/0fp60	T	880022	1400	2914	Lambah.		6	
Lindifura	Irkutskaja	3/3br	H	872191	480	2413	Lambah.		16-Jun	
Lindifura	Punkaharju	2/2br	H	880017	200	2450			21-Jun	
Lindifura	Punkaharju	2/2br	H	880017	200	2413			Fagurhóll	
Stafafura	Taraldsöy	2/0fp40	T		320	1019	Hagafjall		01-Jul	
Dvergfura		2/0fp35	T		200	1019	Hagafjall		01-Jul	
R.Lerki	Karkolo	2/0fp40	T	920008	6640	2288	ad hl.m.w.w		28-Jul	Seljatunga
R.Lerki	Karkolo	2/0fp41	T	920008	800	2115	með water works		30-Jul	Sandhóll Epl.
R.Lerki	Björkebo	1/0fp67	T	92008	200	3020a	TTS herf		03-Jul	Vikrar
R.Lerki	Björkebo	1/0fp68	T	92008	705	3024	TTS herf		03-Jul	Vikrar
R.Lerki	Björkebo	1/0fp69	T	92008	200	1210				Illagil
R.Lerki	Björkebo	1/0fp70	T	92008	1400	1209				Illagil.
R.Lerki	Björkebo	1/0fp71	T	92008	510	?				Seljatunga
S.Lerki	Ulan Abaka	1/0fp40	T	910015	200	1019				Hagafjall
Selja	Tumest	1/0fp35	T		140	1019			01-Jul	Hagafjall
Elri	Múlakot	1/0fp40	T		160	1019			01-Jul	Hagafjall
Birki	Tumest	1/0fp40	T		120	1019			01-Jul	Hagafjall
Fj. þöll	A 383	1/1fp35	T		170	2212	Jón Gardar+Guðm H	agúst.	Búst G.J.	
Marpöll	A456	1/1fp35	T		170	2212	Jón Gardar+Guðm H	agúst.	Búst G.J.	
Fjallapínur	Stange	3/2br	H	880015	213	2413			21-Jun	Fagurhóll
Fjallapínur	Kaupanger	3/2br	H	880016	400	2413			16-Jun	Fagurhóll
Fjallapínur	Windý Arm	3/2br	H		1000	2450			05-Jul	Hvammsárd
Fjallapínur	SKagw/Tut	2/3br	H		2000	2450b			05-Jul	Fagurhóll
Fjallapínur	SKagw/Tut	2/3br	H		600	2074b			05-Jul	Leitistagl
Fjallapínur	SKagw/Tut	2/3br	H		400	2914b				Lambahöfði
Skríðvíðir	Alaska	2/0fp35	T			42204	v/Hvammsárbrú,3019,3022	Sjá plöntuskema		
								úr söfnun Óla Vals og féлага		
Al. Ösp	Brakkan	1/0fp35	T		280	1019			01-Jul	Hagafjall
<b>Samtals í Þjórárdal</b>					<b>19.647</b>					

Haukadalur										
Tegund	Kvæmi	Aldur	St	Frænr	Fjöldi	R.nr	Athugasemdir.			
Sitkagr	Seward	2/0fp60	M	870003	790	7055	TTS		12-Jul	Hrísmýri
Sitkagr	Seward	2/0fp40	T	9100	440	2130	TTS	Toppkel	02-Jul	
Sitkagr	Seward	2/0fp40	T	9100	600	6290	Rásir			Fingur
Sitkagr	Seward	2/0fp40	T	9100	3080	6450	TTS		01-Jul	Skyggnistla
Blágreini	Rio Grande	2/0fp6c	H	910007	4600	6184	Pl.m.skít	Spónkass	6	Fingur
Blágreini	Rio Grande	2/0fp6c	H	910007	250	6019	Pl.m.G.1	Spónkass	6	Plógstrengir
Blágreini	Rio Grande	2/0fp6c	H	910007	250	6020	Pl. m.G.1	Spónkass	7	Plógstrengir
Blágreini	Rio Grande	2/0fp6c	H	910007	580	6021	Pl.m.G.1	Spónkass	7	Plógstrengir
Blágreini	Rio Grande	2/0fp6c	H	910007	4400	6186	Pl.m.skít	Spónkass	6	Fingur
Rauðgr	Drevja	3/0fp60	T	880022	1800	6290	Rásir			Fingur
Rauðgr	Drevja	30/fp60	T	880022	300	6184	Rásir			Fingur
Stafafura	Taraldsöy	1/0fp67	M	890001	335	7055	Geymdar í Hd. í 3 ár		12-Jul	Hrísmýri
Mýralerki	Delta Junct	2/1br	V	900001	400	6290	í niðursl. í Hd frá 92		30-Jun	Fingur efst.
R.Lerki	Ostek	fp67	H	920002	2894	940	5 fyrstu rás í skít		20-Jul	
R.Lerki	Ostek	fp67	H	920002	2681	944			20-Jul	TTS+roundup
R.Lerki	Ostek	fp67	H	920002	2245	10100.c	Nokkrar rás í skít		19-Jul	Lága-Sandf.
R.Lerki	Ostek	fp67	H	920002	7405	6452d.e	Hl.settur í skít		19-Jul	Skyggnisheiði
R.Lerki	Ostek	fp67	H	920002	6433	945,946			21-Jul	TTS+roundup
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	603	7020	Epl.		21-Jul	Bryggjumýri
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	335	7022	Epl.		22-Jul	Bryggjumýri
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	402	7024	Epl.		22-Jul	Bryggjumýri
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	737	7026	Epl.		23-Jul	Bryggjumýri
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	1407	7027	Epl.		26-Jul	Bryggjumýri
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	469	R. 7028			26-Jul	Bryggjumýri
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	1742	6290	TTS/rásir		27-Jul	Fingur
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	1876	1061	Epl		28-Jul	Sett inn í S.G
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	7437	10100.b	TTS+roundup		27-Jul	
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	H	920007	2412	6450	2 kassar efst vestast		28-Jul	100%
Fjallapínur	Skagw/Tuts	2/3/br	H	880002	3015	6186	N.hl sunnan vegar		28-Jun	Fingur 100%
Fjallapínur	Skagw/Tuts	2/3/br	H	880002	200	6290	Ofarlega norðan vegar	júlí		Fingur 100%
Fjallapínur	Windy Arm	3/2br	H	870008	100	6290	Neðan v Skagw/Tuts			Fingur
Fjallapínur	Windy Arm	3/2br	H	870008	700	3020	Vestast í reitinn	Vestan vegar		
Selja		1/0fp35	Engi		70	4606	10.hver planta í skjólb.		06-Jul	Tún v.Kirkju
Fjallapöll	A383	1/1fp35	T		175	1031	Sett undir Lerkið ofan og neðan		26-Jul	
Marpöll	A456	1/1fp35	T		35	4515	Inn í SG		28-Jul	Kaldbakstún
Marpöll	A456	1/1fp35	T		105	2030	Inn í SG		28-Jul	Sv.gil.hvam.
Marpöll	A456	1/1fp35	T		35	4516	Inn í Birki		28-Jul	Austur mói
Al.Viðir	Hríma	1/0fp35	T		210	500	í Skjólb.utan girð		06-Jul	Tún
Al.Viðir	Brúnn	1/0fp35	T		210	500	í skjólb.utan girðingar		06-Jul	Tún
Al.Viðir	Brúnn	1/0fp35	Engi		1225	4606	í skjólb.		06-Jul	tún v.Kirkju
Al.Osp	83-10	1/0fp35	T		455	3044.b	N.skurðar	50%	28-Jul	
Al.Osp	83-11	1/0fp35	T		420	3044.a	s.skurðar	50%	28-Jul	
Al.Osp	88-14-01	1/0fp35	T		630	7020	Epl.		21-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-2	1/0fp35	T		140	7021	Epl.		22-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-3	1/0fp35	T		210	7023	Epl.		23-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-4	1/0fp35	T		70	7024	Epl.		24-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-5	1/0fp35	T		420	7025	Epl.		25-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-6	1/0fp35	T		525	7028	Epl.		26-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-7	1/0fp35	T		595	7011		50%	28-Jul	Bryggjumýri
Al.Osp	88-14-8	1/0fp35	T		665	3044a		50%	28-Jul	
<b>Samtals í Haukadal</b>					<b>67.113</b>					

<b>Mosfell:</b>									
Tegund	Kvæmi	Aldur	St	Frænr.	Fjöldi	R.nr.	Athugasemdir.		
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	M	920007	6767	441a, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 453a			
R.Lerki	Ostek	1/0fp67	H	900002	8375	453e, 456b, c, 457c, d.	09-Aug	Tilr. n.veger	
R.Lerki	Ostek	1/0fp67	H	900002	13216	410, 417.	10-Aug		
R.Lerki	Ostek	1/0fp67	H	900002	737	228	10-Aug		
R.Lerki	Ostek	1/0fp67	H	900002	737	441b	10-Aug		
R.Lerki	Ostek	1/0fp67	H	900002	1608	201, 202.	11-Aug		
Al.Ösp	lðunn c-10	a/1fp35	T		14383	359, 355, 297h, 365, 366, 368, 369, 309a, 297i	ágúst	50%	
Al.Ösp	C-10 o6+13	0/2fp35	T		1400	297i	ég	50%	
Al.Ösp	C-10 o6+14	0/2fp35	T		1855	304a	ég	50%	
Al.Ösp	C-10	0/2fp35	T		1330	408a	16-Aug	33%	
Al.Ösp	C 10	0/2fp35	T		1890	408b	17-Aug	33%	
Al.Ösp	C 10	0/2fp35	T		2730	408c	17-Aug	33%	
Al.Ösp	88-14-01	0/2fp35	T		840	297h	3 heilar rásir	17-Aug	3 hálftar rásir
Al.Ösp	Brekkar	0/2fp35	T		15575	407b	12-16/8	50%	
Birki	Tumast	1/0fp40	T		3320	452, 453b, 454, 455b.	júni	50%	
<b>Samtals Mosfell</b>					<b>74.763</b>				
<b>Skarfaness</b>									
Teg	Kvæmi	Aldur	ST	Frænr	Fjöldi	R.nr	Athugasemdir		
Sitkagr	Taraldsöy	2/0fp60	M	900008	240		Ingi		
Blágr	Rio Grandis	2/0fp40	M	910007	160		Ingi		
Blágr	Rio Grandis	2/0fp60	M		120		Ingi		
Stafafura	Taraldsöy	1/0fp67	M	910018	335		Ingi		
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	M	920007	1005		Arinbjörn		
Stafafura	Tar	1/0fp67	M	910018	1072		Arinbjörn		
R.Lerki	Imatra	1/0fp67	M	920007	2814		J.Grettiss		
<b>Samtals Skarfanessi</b>					<b>5746</b>				

## 8. Hirðing gróðursetninga.

### 8.1. Frásögun.

**Þjósárdalur:** Sagað frá í reit 2109 Sitka/Rauðgr við Kerlak. Sagað var frá flestum vegum  
2919 Stafaf. frá 1983 vegum í Selhöfðum  
og  
2914 Rgr frá 1964, hluti reits ca 1,3 ha víðar.  
2030 Stafafura.

Haukadalur: sjá hirðingartöflu undir kafli 8.2

### 8.2. Aburðargjöf./Eitrun.

#### Þjósárdalur:

Reitur	dags áburður	Teg	Athugasemdir	Eitrun/R.up
	<b>G1</b>			
1950	11/6	Rgr		
2074a	11/6	Rgr		14/6
2153	11/6	Fjallaþinur		
2267	15/6	Stafafura		
2915	15/6	Rauðgr	Aðeins valin jólatr	
2059	15/6	Rauðgr		
2056	15/6	Stafaf		
2050	15/6	Stafafura		
2045	15/6	Rauðgreni		
2034	15/6	Rauðgreni		
2047	16/6	Stafafura		
2055	11/6	Rauðgreni		
2413		Birkiteinungur	Fyrir gróðursetn	14/6
2450v A+B		Birkiteinungur	Fyrir gróðursetn	14/6

#### Þórsörk:

Borið á Sitkagrenireitinn í Stór-Enda.

#### Laugarvatn:

Borinn Græðir 3 á Rauðgrenið ofan Tjaldmiðstöðvar. 700 kg.

## Haukadalur: Hirðing

Reitur nr	Dags Aburður	Dags R.up	Tegund	Athugasemdir
3079	06 G1			
3080a	06 G1			
3080b	06 G1			
3083	06 G1			
0939	06 G1			
10100a	06 G1			
10100b	06 G1			
6184	06 Hrossaskít			Efst norðan slóðans
6184	06 Kindaskít			Rest af reit
2107				I hólinn sunnar. Þin tilr frá 85. Fráklipp
6186	06 Kindaskít		Blágr	Skítur í holu við grs.
1041	06 G3		Rauðgreni	150 kg
1042	06 G3		Rauðgreni	150 kg
3020		x	Teinungur	Vestasti kaflinn sem var rás 92
3073		x	Teinungur	Syðsti kaflinn sem var rás 90
2107	6/7			Fráklipp
2108	7/7			Fráklipp
2105	7/7		Þinur	Þintraun frá 85
4606	7/7 G1		Víðir	Skjólbelti
2109	12/7			Fráklipp
0945	15/7	x	Teinungur	TTS 93
1092				TTS93
0946				TTS93
0947				TTS93
2071				Vegir sagaðir upp og búinn til göngustígur frá Laugarárvegi og upp í slóðann. Byrjað á að gera göngubrú.

## 9. Byggingar.

### 9.1 Haukadalshús.

Málaðir allir gluggakarmar og vindskeiðar. Rotþró hreinsuð. Hlaðið upp beð við hlað austanvert.

### 9.2 Þjórsárdalshús.

Lóþræll: Endurnýaðar vindskeiðar og þak málað.

### 9.3 Gagnheiði 25. Selfossi.

Lokið við að mála þak skemmunnar.

### 9.4. Smíðuð voru 2 wc hús sem flutt voru upp í Þjórsárdal. Sjá nánar í kafla 12.1.2.

## 10. Vélar og Verkfæri.

Jarðýta: Notuð við vegagerð o.f.l. í Haukadal. Ýtt upp grús í Hvammsá í Þ.d. Pressaðir voru plógstrengir í Mosfelli, o.f.l. Ekki var ráðinn fastur maður á ýtuna að þessu sinni. Vélin fór að Hallormstað í okt og var tekin þar í gegn .

X 8317 Hino. Skipt um gírkassa.  
X 8044 Benz. Ekkert sérstakt viðhald.

Dráttarvélar: HaukadalsZetor. Skipt um kúplingsdiska og legur. Vélin tekin öll rækilega í gegn.

Sagir. Keypt ein ný kjarrsög á árinu Jonsreeds RS 50.

Aðrar vélar og tæki. Keyptur var 10 hjóla Hino olíubíll á árinu. Kaupverð kr 100.000 . Tankurinn notaður sem rotþró í Þjórsárdal. Bíllinn var á ágætis dekkjum sem nýttast undir X 8117. Bíllinn verður að öðru leiti rifinn í varahluti. Hinobifreið sú sem Vegagerðin gaf okkur fyrir nokkrum árum og var lengi á Vöglum var rifin í spað. Gírkassinn úr honum fór í X 8117, þar þurfti að skipta. Afturstellið fór til þess sem tók að sér að rífa bílinn. Mótorinn var rifinn og hirt úr honum það sem eitthvað slátur var í. Grindin er til og verður líklega notuð í göngubrú á einhvern lækinn. Tvær kerrur voru smíðaðar á Selfossi í jan og feb. Kerrurnar voru smíðaðar eftir sömu teikningu og eins að öllu leiti. Eru þær ætlaðar til plöntuflutninga einkanlega. Fór önnur að Mógilsá en hin er hér hjá D 81.

## 11. Nytjaskógar á Suðurlandi:

Sjá skýrslu áætlunardeildar.

## 12. Ýmislegt

### 12.1. Skóglendi

#### 12.1.1. Haukadalur.

20. mars var haldinn í Haukadal "Skíðadagur fjölskyldunnar", skíðaganga sem Skógræktin og "Þróunarverkefni Uppsveita Árnassýslu " uppsveita Árnassýslu stóðu fyrir. Um 40 manns mættu og gengu troðna slóð sem Björgunarsveit Biskupstungna hafði troðið. Lengi var tvísýnt um hvort hægt væri að halda göngudaginn vegna snjóleysis, en úr því rættist. Már hótelhaldari á Geysi bauð síðan öllum göngumönnum í kaffi. Öllum er gengu var afhent diplom. Fylgir eitt slíkt með skýrslu þessarri svo og skíðagöngukort sem var útbúið að þessu tilefni. Diplomið teiknaði Toril Sveinsson á Helgastöðum í Bisk.

Á haustdögum kom Sigrún Stefánsdóttir fréttamaður á Sjónvarpinu til að kvikmynda efni í þáttaröð

um skóglendi á Íslandi. Dvaldi hún og meðreiðarsveinar hennar í 3 daga í Haukadal.

13/7 komu 6 sænskir og 1 íslenkur skógræktarstúdent í skoðunarferð.

11/9 komu aldraðir frá Hvolsvelli í skoðunarferð. Höfðu þeir helgistund í Kirkjunni með sr.Guðm. Óla.

11/9 komu 150-200 af starfsmönnum Skeljungs h/f í skoðunarferð. Jón Loftsson og undirritaður tóku á móti fólkinu og fylgdu því um skóginn og útskýrði Jón helstu staðreyndir um skóg og skógarhugsunarhátt.

14/10 voru á ferð nokkrir starfsmenn Skógræktar Ríkisins og Mógilsár ásamt skógræktarstjóra að skoða árangur í lerkigróðursetningum og jarðvinnslu í Haukadal og Mosfelli. Sjá Fsk. 4.

29/8 Sveppakonur úr Biskupstungum í sveppatínsluferð.

23/6 Starfsfólk Skf.Reykjavíkur í skemmtiferð.

#### 12.1.2. Þjorsárdalur.

Ferðamál: Smíðuð voru tvö klósetthús á Selfossi í mars og apríl. Annað var sett niður á Sandártungu og er 5 gata far. Hitt, 2ja gata var sett niður á hjólhýsastæðinu uppi í skógi. Teikningar af húsum þessum fylgja með skýrslu þessarri.

Rotþrær voru settar niður við bæði húsin. Olíutankur á Sandártungu og plastþró á hjólhýsastæðið.

Vatnslögn var lögð að Sandártungu, ofan úr Húsagróf í Skriðufelli. Lögnin er um 1 km á lengd og er þrýstingur um 8 kg. Styrkur fékkst til verkefnisins úr Ferðamálasjóði, kr 320 þús.

Ný aðkeyrsla var gerð að Sandártungunni samkv. skipulagstillögum. Bráðabyrgðaleyfi fékkst fyrir rekstri tjaldstæðisins á Sandártungu, þar sem skipulagstillögur voru ósamþykktar. Plantað var nokkru af lerki (100 cm) á suðurkant svæðisins.

2-4/7 voru haldnir Rokktónleikar í Hallslaut í Þjorsárdal. 3000 manns mættu á staðinn og gengu um heldur ósnyrtilega. Allt var þetta þó hreinsað upp um síðir. Nokkurt fjölmíðlafár varð út af þessu og sveitarstjórn Gnúpverja heldur óhress með tiltækið.

9/8 komu í Þjorsárdal fulltrúar afréttarfélags Flóa og Skeiða til að skoða aðstæður vegna fyrirhugaðrar stækkunar skógargirðingarinnar inn á afrétt og innlima skógartorfur og fleyra í Áslákstungum.

Sjá fylgiskjal 1.

#### 12.1.3. Mosfell.

Jón Geir Pétursson vann við ransóknir við sáningu á trjáfræi beint á jörð með ýmsum jarðvinnslu-afrögðum.

Árangur af skógræktinni í Mosfelli finnst manni enná heldur dapur. Lerkið á þurrlendinu er heldur dapurt og þróttlítið. Öspin á múrunum er þó lofandi.

#### 12.1.4. Laugarvatn.

Ætt Böðvars Magnússonar gróðursetti 5/6 í reit sinn við Lindarskóg.

12.1.4 Þórsmörk. Eins og undanfarin ár var Rauði Kross Íslands með námskeið fyrir unglina í Langadal og Básam. BG., Bergur og Leo fóru 28/6 inneftir og grisjuðu Sitkagrenireitinn í Stór-Enda og voru þátttakendur á námskeiðinu með okkur og báru út. Einnig var borið á reitinn.

#### 12.1.5 Skarð í Gnúpverjahreppi.

12/6 Stafsfólk Fasteigna Ríkisins og Fjármálaráðuneytis plantar. Gróðursetningu lokið viku síðar af vinnuflokki Sk.Rík.

#### 12.1.6 Vatnsholt í Grímsnesi.

Aðstoðað var þar við uppsetningu rafgirðingar um Vatnsholtland. Jarðýta Sk.Rík var notuð til að jafna girðingarstæði. Við sköfðuðum talsvert af vír og hornstaura alla. Með þessarri aðstoð var verið að framfylgja samkomulagi við eigendur jarðarinnar Vatnsholt um það að girðing utanum Mosfellsland, þar sem hún er í Vatnsholtlandi, mætti standa áfram og þyrfti ekki að færast eins og upphaflega hafði verið ákveðið.

#### 12.2. Ferðalög / Fundir.

4 -6/2. Starfsmannafundur á Egilstöðum.

30/8 Skjólbeltaleiðangur um Suðurland ásamt Jens Ernst Nielsen skjólbeltaráðunaut Danska Heiðafélagsins, Jóni Loftss,Kjartani Ólafss, Jóni Helgasini, Sveinbirni Dagfinns, Kjartani Georgssyni Ólafsvöllum, Brynjólfi Jónssyni, Ólafi Njáls, Magnúsi Finnbokasyni og Sigvalda Ásgeirssyni. Ferðatilhögun: Selfoss -Vorsabær í Gaulv.b.hr.- Selfoss- Spóastaðir- Laugarás- Flúðir- Þrándarholt. Um kvöldið var fundur í Brautarholti á Skeiðum með bændum þar. Jens Ernst hélt erindi um skjólbelti og sýndi skuggamyndir.

Þetta tengist því sem ráðslagað hefur verið taslvert um að gera skjólbeltaáætlun fyrir Skeiðahrepp. Allmikill áhugi var meðal bænda á málinu.



31/8 áframhald skjólbeltaleiðangurs, en nú í Rangárvallasýslu. Flestir sömu þátttakendur og daginn áður. Ferðatilhögun; Selfoss - Bjóla - Gunnarsholt - Lambey - Tumastaðir - Markarfljóts-aurar - Voðmúlastaðir - Lágafell. Fundur um kvöldið í Gunnarshólma með bændum. Færri mættu nú en kvöldið áður í Brautarholti. Skjólbelti í Landeyjum líta illa út. Hafa ekkert hækkað síðan 1991. Hér vantar nýjar tegundir. Beltin á Lágafelli rúm mannhæð þau hæstu. Gera samt gagn.

27-29/8. Sat fund Skf.Ísl á Húsavík.

11/11. Skipulagsfundur v. Þjórsárdalsskipulags á skrifstofu skipulagsstjóra.

14/11. Sat aðalfund Skf. Sandvíkur hrepps. Sýndi skjólbeltamyndir frá Danmörku.

Sat allmarga fundi sjálfskipaðrar skjólbeltanefndar. Þar sitja : Sigvaldi Ásgeirsson, Brynjólfur Jónsson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Njálsson og Böðvar Guðm.

6/9 Borgarafundur um skipulag Gnúpverjahrepps.

28/5. Þjórsárdalsnefndarfundur. Fundargerð fylgir hér. Fylgiskjal 3.

### 12.3. Vegagerð.

#### Haukadalur.

Kr. 543.000 fengust úr fjallvegaskjóði og var það fé notað til þess að halda áfram með að bera ofaní vegi þar sem frá var horfið í fyrra. Borið var í Heiðarveginn frá Brennigili upp og á móts við "Orminn langa" alls um 1,2 km. Fengum við til liðs við okkur Guðjón Jónsson, Jón Halldórsson og Birgi Sigfússon vörubílstjóra frá Selfossi.


Björgvin verkstjóri ruddi talsvert af slóðum um gróðursetningarsvæðin.

Stóra-Grjóta var brúuð með tveim stórum olútönkum á haustmánuðum, þannig að nú hefur opnast svæði syðst og austast í Haukadalslandi sem útilokað var að komast í með vélar fram að þessu.

#### Þjórsárdalur.

Lögð ný aðkeyrsla að tjaldstæðinu í Sandártungu, ca 150 metrar. Borið var ofan í aðalslóðina á tjaldstæðinu ca 500 metrar.

Selfossi 25/1 1994



Böðvar Guðmundsson.

Um friðun Aslákstungna í Þjórsárdal

---

Skoðunarferð 9/8 1993 með Páli Lýðssyni og Jóni Eiríkssyni um skógartorfur og fleyra í Aslákstungum í Þjórsárdal.

---

Forsaga þess að skoðunarferð þessi var farinn, er skuld Afréttar félags Flóa og Skeiða við Skógrækt Ríkisins. Skuldin er tilkomin vegna endurgirðingar 3ja km kafla í afréttargirðingunni í Þjórsárdal, svo og vegna viðhalds.

Fyrir u.p.b. einu ári hreifði Böðvar Guðmundsson því máli við Pál Lýðsson hvort ekki mætti gera upp skuld þessa með landakaupum, þar sem Afréttarfélaginu gengi illa að afla peninga til að greiða skuldina. Um er að ræða svæði innan við afréttargirðinguna í svokölluðum Aslákstungum svo og hluti af sandsléttu þeirri sem er austan við Aslákstungurnar og nær austur að Reykholti.

Forsendurnar veru þær að skógræktin fengi landið til eignar. Verð þr ha var framræiknað það verð sem Afréttarfélagið hafði greitt Asólfstaðabændum fyrir svipað land ofan afréttargirðingarinnar nokkru vestar.

Hugmyndir Böðvars voru þær að með friðuninni á umræddu landi ynnist þrennt.

1. Skógartorfum í Aslákstungum yrði forðað frá frækari skemmdum vegna beitar og vindrofs. Mikill fjöldi birkiplantna hefur spírað upp í nágrenni skógartorfanna. Þeim er haldið nokkuð niðri vegna beitarinnar. Torfurnar eru því fræbanki fyrir landnám birkisins austur og suður á sandinn. Birkieyjur á lítt grónu eða örfoka landi, þaðan sem birkifræ getur dreifst á nærliggjandi svæði er hugmynd komin frá Landgræðsluskógaáttakinu, og er því verðugt Landgræðsluskógaverkefni.

2. Með því að innlima sandsléttuna austan Aslákstungna og græða hann upp mætti koma í veg fyrir upptak sandsbylja frammi í dalinn. Sandsléttan er stæsta uppspretta laussands sem fýkur fram í Þjórsárdal í hörðum veðrum af norð austri.

3. Með því að Afréttarfélagið léti þetta land laust, sýndu bændur það í verki að þeim er umhugað um uppgræðslu landsins. Þetta væri því gott áróðurstæki gegn þeim linnulausa fjand-sauðfjarræktar áróðri sem nú er rekinn af ymsum aðilum.

Girðing sú sem Skógræktin þyrfti að kosta ef þessar hugmyndir hefðu orðið að veruleika er u.p.b. 6 km. Þann kostnað hefði Skógræktin orðið að bera alfarið sjálf. Viðhaldskostnað myndu Afréttarfélagið og Skógræktin bera að jöfnu eins og verið hefur fram að þessu með núverandi girðingu.

Ljóst er að við óbreyttar aðstæður og girðinguna á núverandi stað, þá þarf að endurgirða um 3,3 km af gömlu afréttargirðingunni vestan við Reykholt á allra næstu árum. Kostnaður við það er áætlaður um kr 1.320.000, og ber þá hvor aðili helming kostnaðar hvor. (400.000 pr km. efni + vinna)

Páll þar þessar hugmyndir undir sveitastjórnir þær sem eiga upp

rekstrarrétt á afréttin. Tvær sveitarstjórnir vildu ekki selja landið og féll þá málið.

Sú hugmynd kom fram í skoðunarferðinni 9/8 93 að etv. væri sá möguleiki fyrir hendi að friða umrætt svæði með samningi milli Afréttarfélagsins annars vegar og Skógræktar og e.t.v. Landgræðslu hinsvegar, þar sem tveir síðast töldu aðilarnir sameinuðust um að rækta upp þetta svæði upp í samvinnu við Afréttarfélagið. Samið yrði um friðun í 40 - 60 ár. Skógræktin sæi um að girða og auka og bæta möguleikana til sjálfgræðslu birkis á svæðinu en Landgræðslan sæi um að rækta upp sandsléttuna miklu.

Við þetta ynnist eftirfarandi: Sandfok fram í Þjórsárdal minnkaði verulega, hliðar Áslákstungna klæddust skógi á ný, aukið yrði á hlýleika væntanlegs fólkvangs í Þjórsárdal og bændur fengju rós í hnappagatið frá náttúruverndarmönnum. Auk þessa myndi þetta allt auðvelda mjög uppgræðslu og skóggræðslu sandanna frammar í dalnum.

Kostnaður við girðingu um umrætt land: 6 km x 400.000 = 2,4 milljónir króna.

Uppgræðsla síðustu ára.

-----

Þær aðgerðir sem fram hafa farið í Þjórsárdal á síðustu árum til uppgræðslu og kostnaðar hafa verið sameiginlega af Landgræðslunni, Landsvirkjun, Gnúpverjahreppi og Skógræktinni, hafa aðallega verið í því formi að dreifa grasfræi og áburði úr flugvél yfir sandana. Allgóður árangur hefur orðið af starfsemi þessarri. Auðvita hefur hún kostað talsvert fé og það skal ekki talið hér eftir. Spurningin er hvort ekki sé ódýrara og hagkvæmara að nota lúpínu meira í uppgræðslutilgangi, þar sem stór hluti af þessu svæði er véltækur með raðsáningarvélum landgræðslunnar. Er hér átt við að herfa niður fræ í röndum sem liggja þvert á ríkjandi vindátt með e.t.v. 50 - 100 m. millibili, og láta síðan lúpinuna sjá um að dekka það sem á milli rákanna verður.


All miklir flákar af lúpínu eru nú á söndunum framarlega í Þjórsárdal. Hún sáir sér frá n-au til s-v. Á þurrum sumrum spírar lítið af fræi, en mikið spírar á rigningarsumrum. Tilraunir hafa sýnt að sé fræi sáð niður á 3-4 cm dýpi í sandinum spírar það afar vel. Svo virðist, sem að á sáðsléttum Landgræðslunnar (grasfræ og áburður) skapist betri spírunarmöguleikar fyrir lúpinufræ en á vikrunum annars. (Sjálfsáning). Lúpinan breiðir sig allmikið út í sáðsléttunum.

Hér er því lagt til að drjúgum hluta þess fjármagns sem varið verður til uppgræðslu í Þjórsárdal næstu 2-3 ár, verði notaður til lúpinusáningar eins og að framan er getið.

Þjórsárdal 18/8 93

Böðvar Guðmundsson.

18  
12




Grjóna

Reykholli

líft c=6.000

655 ha

2250 m  
13.000



# Ferð oddvita Flóa- og Skeiðahreppa og annarra forgöngumanna í afréttarmálum inn á afrétt 29. ágúst 1993

Oddvitar ákváðu að taka sér ferð á hendur inn á afrétt til að skoða ástand gróðurs, leitarmannahús og ekki síst í tilefni þess, að 25 ár eru liðin síðan brautin frá Hrútafelli vestast á afréttinum inn á Sultarfit og Skeiðamannafit var rudd.

Áður en brautin var rudd hafði leiðangur sex manna farið um afréttinn á tveimur jeppum dagana 18. og 19. júlí 1968.

Í hópnum voru þeir Ágúst Þorvaldsson á Brúnastöðum, formaður Afréttarmálfélags Flóa og Skeiðahreppa, Jón Eiríksson í Vorsabæ, gjaldkeri, Kristinn Helgason í Halakotí „blaðafulltrúi“, Erlendur Danielsson á Selfossi, bílstjóri og ók Land Rover jeppa, Einar Sigurjónsson, vegaverkstjóri á Selfossi bílstjóri og ók Austin-Gipsy jeppa og svo síðast en ekki síst skal telja Sigurgeir Runólfsson í Skaldabúðum sem var leiðsögumaður.

Þessi ferð var erfið, en eftirminnleg fyrir þá sem í ferðinni voru, og að hún tókst og brautin sem kom í kjölfarið, markaði þáttaskil í þjónustu við fjallmenn, því að á eftir komu leitarmannahús á báðum Fítjunum og trússafllutningur á vélknúð-

um farartækjum.

Í ferðinni nú, 29. ágúst, voru þrír sem lifandi eru af þeim sem fóru 1968, þeir Einar, Erlendur og Jón — og voru þeir sérstakir heiðursgestir í ferðinni. Aðrir voru fimm oddvitar/sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem að afréttarfélaginu standa, þeir Páll Lýðsson oddviti Sandvíkurhrepps og formaður Afréttarmálfélags Flóa og Skeiða, Stefán Guðmundsson oddviti Hraungerðishrepps, Geir Ágústsson oddviti Gaulverjabæjarhrepps, Grétar Zophaníasson sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps og Kjartan Ágústsson oddviti Skeiðahrepps. Einnig var í ferðinni Sveinn Ingvarsson fjallkóngur í Austurleit.


Jeppaklúbburinn 4x4 í Árnessýslu lagði til tvo gleslega jeppa í ferðina og óku þeim þeir Guðjón Egilsson og Ólafur Leósson.

Veðrið var gott og fegur fjallasýn.


## Ljósmyndir og texti: Jón Eiríksson Vorsabæ



Farið var eftir Línuveginum áleiðis inn á Sultarfit en síðan eftir afréttarbrautinni. Hér er farið yfir Fossá.



Komið að leitarmannahúsinu á Sultarfit, en það og húsíð á Skeiðamannafit voru byggð árið 1971. Flóamenn byggðu svo hesthús þarna árið 1988 í sjálfboðavinnu. Jeppaklúbburinn 4x4 hefur samning um afnot af húsunum utan fjallaferða og hefur gert þarna lúxus aðstöðu sem fjallmenn njóta einnig.



Ásláktungur skoðaður en þar eru fallegar skógartorfur — þær efstu í Þjórsárdal. Skógræktin vill fá skóginn til friðunar og Sandinn, vestan við Reykholt, til uppgræðslu um ákveðið tímabil, og Böðvar skógarvörður segir skóginn þarna einstakan fræbanka. Er þessi mál nú til skoðunar. Hér lýsir Páll formaður landi því sem Skógrækt Ríkisins vill fá til friðunar.



Þetta er ekki í Sahara — heldur í vikurnámu afréttarfélagins vestan við Reykholt. Ferðalangarnir Kjartan, Einar, Stefán, Páll, Geir, Jón, Erlendur, Sveinn og Grétar.



Hjá kofanum undir Kletti — Klettakofa. Þar hefur verið ákveðið að byggja nýtt leitarmannahús.



Jeppamenn veittu kaffi og borðið var hláðið bakkelsi. Páll hélt tölu, og vítaði til ferðarinnar fyrir 25 árum. Hann spurði um framtíð sauðfjárræktar og fjallferða — en enginn svaraði. Þá var skálað fyrir heiðursgestunum í koniaki.



Já, það er vistlegt inni hjá jeppamönnum í húsinu á Sultarfit.



Hér skal nýja húsíð standa — og rekinn niður hæll því til staðfestu.



Hér í brekkunni upp á Hrútafellið var orlagapunktur ferðarinnar 1968. Sigurgeir sagði okkur að ef við kæmst þar upp kæmst við um allan afréttinn — og svo reyndist rétt vera. Erlendur hafði brekkuna í fjórðu tilraun — og enn sjást hjólförin, þar sem þeir Jón og Erlendur sitja — sælir í minningunni.



Páll formaður stendur hér í gömlu hestaréttinni á Sultarfit og heldur á heimasíðumum járnkarli Júlíusar Gíslasonar fjallkóngs á Kekki í Stokkseyrarhreppi.

Hestaréttin var byggð haustið 1919 en árið áður höfðu fjallmenn legið þar þrjú dægr í moldösku byl við ómurluga liðan í tjöldum og hestarnir bundnir á bersvæði.

Járnkarlinn var þá skilinn eftir — og stendur þar enn. Hætt var að nota réttirnar þegar hesthúsíð var byggt.

20

20

H. Alder (3 s.)

Fsk 2

Trjásjúkdómar  
Eftirlitsferð dagana 6-12/6 1993

**Tilgangur:** Fá yfirlit yfir sjúkdóma á lerki hér á landi, en huga þó einnig að öðrum trjásjúkdómum eftir því sem færi gafst.

**Tildrög:** Lengi hefur verið vitað að sveppasýkingar herjuðu í einhverjum mæli á íslenskt lerki. Ekki hefur þó verið gerð nein skipuleg úttekt á þessu vandamáli síðan Roll-hansen fór hér um fyrir tæpum aldarfjórðungi. Á síðasta ári varð mönnum ljóst að um verulegar skemmdir væri að ræða á lerki, einkum á suður og vesturlandi. Þótti því ástæði til að til yrðu fengnir menn, með sérþekkingu á trjásjúkdómum og einkum þó sveppasýkingum til að kanna málið. Völdust til ferðarinnar Dr. Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur. Dr. Halldór Sverrisson, plöntusjúkdómafræðingur og einn af sérfræðingum rannsóknastöðvarinnar. Var farið hringinn í kring um landið, þó að slepptum Vestfjörðum, og sveppasýkingar á lerki metnar.

**Niðurstöður:**


- 1) Norðtunguskógur í Borgarfirði. Þar er lerki í einum reit. Kvæmi; Hakeskoja, gróðursett; ??? . Þar standa 50-60 tré, voru skemmdir á þeim metnar og leitað að sveppasýkingum. Af þessum trjám taldist aðeins eitt vera óskemmt, 17 með óverulegar skemmdir, 11 með 25% nálatap, 12 með 50% nálatap, 13 með 75% nálatap og eitt dautt. Í reitnum fannst engin lerkíáta.
- 2) Arnbjargarlækur. Nokkrir tugir lerkitrjáa, engar sýnilegar skemmdir.
- 3) Jafnaskarðsskógur. Sennilega um 200 tré. Af þeim er í mesta lagi um fjórðungur við þolanlega heilsu, álíka mörg dauð eða að drepast, en afgangurinn við slæma heilsu. Ekki er annað sýnilegt að allt lerki í skóginum eigi skammt eftir ólifað. Í skóginum var mikil lerkíáta á dauðum greinum og einnig fannst þar lerkíáta á lifandi viði (???).
- 4) Stálpastaðir.
  - 4a) Reitur 0111, Arkangelsk. Virðist að mestu heilbrigður.
  - 4b) Reitur 161, Heinola. Innan við 5% trjáa með verulegu lífsmarki, en ekkert þeirra þó gott. Ríflega helmingur tórir með harmkvælum, en á skammt eftir. Um 40% virðast vera steindauð. Mikil lerkíáta á dauðum viði.
  - 4c) Reitur 164, Heinola/Hakaskoja. 30-40 tré öll dauð, eða alveg að drepast.
  - 4d) Reitur 261, Hakaskoja. 20-30 tré, a.m.k. 3/4 hlutar að drepast eða dauð og hin virðast eiga skammt eftir. Mikil lerkíáta á dauðum viði.
  - 4d) Reitur ???, Raivola. Reiturinn er heilbrigður að sjá.
  - 4c) Reitur 2??, kvæmi ???, aldur; um 10 ára. Virðist heilbriggt, en þó fannst lerkíáta á dauðum viði.
  - 4d) Reitur 112(?), Arkangelsk. 1/4-1/2 trjáa í reitnum dauður eða að drepast. Lang verst ofan til í reitnum, þar er víða langt yfir helmingur trjáa dauð eða að drepast. Mikil af lerkíátu á dauðum viði.

- 5) Gunnfríðarstaðir.  
Reiturinn heilbrigður að sjá. Nokkuð um snjóbrott og kal á toppum og greinaendum. Fundin svört frænka Lulu.
- 6) Vaglir á Pelamörk.  
Mjög heilbriggt. Engin lerkiáta, hvorki á dauðum viði, né lifandi.
- 7) Vaglaskógur.
- 7a) Mýralerki  
Fáein tré. Engin lerkiáta, hvorki á dauðum viði, né lifandi.
- 7b) Annað  
Mikið af lerkiáta á dauðum viði og á einum stað einnig á nýdauðum viði. Skógurinn heilbrigður að sjá.
- 8) Laugar í Reykjadal.  
Mjög heilbriggt. Þó fannst töluvert af lerkiáta á sprellifandi viði, en engin á dauðum viði.
- 9) Höfði við mývatn  
Firn af lerkiáta á dauðum viði, en hún fannst ekki á lifandi viði.
- 10) Mjóanes
- 10a) Mjóanes, R-200, Altai  
Töluverð lerkiáta á dauðum viði og fannst einnig á lifandi viði. Annars var reiturinn þökkalega fallegur.
- 10b) Mjóanes, R-200, Senkusk  
Lítill lerkiáta á dauðum viði, engin lerkiáta á lifandi viði. Reiturinn fallegur.
- 11) Hallormsstaður
- 11a) Hólar, R-505, Raivola  
Örlítill lerkiáta í dauðum viði, engin í lifandi viði. Óþekkt sýking í tveimur trjám (barrviðaráta?). Reiturinn fallegur.
- 11b) Jónsskógur, Hakaskója  
Mikil lerkiáta á dauðum viði og allmikil á lifandi viði. Lifandi greinar aðeins í toppum, þrátt fyrir að reiturinn sé fremur gísinn og langt sé síðan hann var grisjaður (ca. 15 ár). Aðeins 1/4-1/3 hluti greina lifandi, en að sögn Sigurðar Blöndal er óeðlilegt að minna en 1/2 greina sé með lifandi nálar. Þessi reitur er dauðanum merktur.
- 11c) Jónsskógur, Sifjalerki  
Fáein tré, en bráðhress, sér ekki á þeim. Engin lerkiáta fannst, hvorki á dauðum viði, né lifandi.
- 11d) Jónsskógur, Evrópulerki  
Fáein tré, að mestu leyti hress, nema einn aumingi. Á stofni hans fannst lerkiáta í hrönnum á lifandi viði.
- 11e) Jónsskógur, Mýralerki  
Fáein tré, bráðhress. Engin lerkiáta fannst, hvorki á dauðum viði, né lifandi.
- 12) Skógar undir Eyjafjöllum  
Öll tré prýðis heilbrigð. Engin lerkiáta fannst.
- 13) Þjórsárdalur - Selhöfði  
Engin lerkiáta fannst, hvorki á dauðum viði, né lifandi, enda er lerkið þarna bæði gisið og lágvaxið (um mannhæðar hátt) og því ekki um neinn lerkiskógabotn að ræða. Lerkið er samt ljótt og 10-20% af því dautt. Álika há prósentu er í góðu lagi, en afgangurinn heldur slakur. Töluvert var um sár á trjánum, sem virtust geta verið eftir barrviðarátu.
- 14) Haukadalur

- 14a) Tortumýri  
Um fjögurra metra há tré. Engin lerkiáta fannst, hvorki á dauðum viði, né lifandi, enda reiturinn gísinn og enginn lerkiskógabotn til staðar. Þrátt fyrir það var reiturinn með litlu gleðibragði og nær ekkert tré með fullan barrmassa (fæst þó undir 75%). Engin óyggjandi barrátusár (hugsanlega eitt).
- 14b) Norðaustan Svartagils, beint ofan við Svartagilshvamm, en neðan vegar.  
Töluverð lerkiáta á dauðum viði, en ekki á lifandi viði svo óyggjandi sé. Ekkert fallegt tré og töluvert af deyjandi trjám. Nær ekkert tré með fullan barrmassa (þó fá undir 75%).
- 14c) Norðaustan Svartagils, beint ofan við Svartagilshvamm, en ofan vegar.  
Heldur skárri en síðasti reitur, enda standa tréin gísnar. Töluverð lerkiáta á dauðum viði, en ekki á lifandi viði svo óyggjandi sé.
- 14d) Vestast í skóginum  
Tré á svipuðum aldri og fyrri reitir. Reiturinn var heldur hressari en reitirnir hjá Svartagilshvamm og minna fannst af lerkiátu á dauðum viði, en hún fannst þó á einum stað rétt hjá lifandi viði.
- 15) Víðistaðahlíð  
Um 3/4 hlutar reitsins steindauðir og afgangurinn á skammt eftir ólifað. Vaðandi lerkiáta á dauðum viði og lifandi.




Afföll á lerkiplöntum, fyrsta árið eftir gróðursetningu.



Uppsöfnuð afföll af völdum héluranallrfa á lerkiplöntum í Haukadal. Land; lyngmói. Jarðvinnsla; engin. Gróðursett; sumarið 1991.

*3 vaxtar árum eftir.*



Tækniþróunardeild

11.06.1993

Mál: 515.15 &amp; 094

## ÞJÓRSÁRDALSNEFND

## Fundargerð

22. fundur Þjórsárdalsnefndar var haldinn föstudaginn 28. maí 1993 í Þjórsárdal. Ekið var frá Reykjavík kl. 13:00 og settur fundur í Gestahúsi 2 við Búrfellsstöð kl. 15:15.

Fundinn sátu:

Jóhann Már Maríusson, formaður	Landsvirkjun
Gísli Júlíusson, ritari	- " -
Höskuldur Jónsson	Ferðafélagi Íslands
Böðvar Guðmundsson (fyrir J.L.)	Skógrækt ríkisins
Ásólfur Pálsson	Gnúpverjahreppi
Vilhjálmur I. Vilhjálmsson (fyrir G.M.)	Þjóðminjasafni

Gestir:

Helgi Arason	Búrfellsstöð
Guðmundur Hermanníusson	- " -
Þór Þorbergsson	Landsvirkjun

Jóhann setti fundinn og skýrði frá tilefni fundarboðunar, sem voru tillögur að lagfæra aðkomurnar að Hjálp og Hjálparfossi.

Tillagan vegna Hjálpar var að loka möguleika til að aka inn á flötina og útbúa betra bílastæði við vatnsbólið og gönguleið þaðan niður á flötina. Byggja á gróðurhús austan við Hjálparflöt til trjáplöntuuppeldis.

Lagfæra þarf aðkomu að Hjálparfossi með því að setja þrep efst í stíginn niður að fossi, einnig að lagfæra rof og setja hindranir fyrir vatnsrennsli. Einnig þarf að gera aðkeyrsluna að bílastæðinu hættuminni með því að skipta veginum yfir hólinn, sem er næst og lækka hann aðeins.

Böðvar ræddi um að gera þyrfti tröppur niður í Gjána að sunnanverðu, þar sem stígurinn er hættulegur og skemmd komin í hlíðina. Ákveðið að Gísli hafi samband við Náttúruverndarráð, en að öðru leyti jákvætt.

Í því sambandi var rætt um Náttúruverndar- og landgræðslufélagið Þjóðhildi, sem hefur verið að vinna að lagfæringum við Stöng. Vilhjálmur sagði að þeir hefðu unnið í samvinnu við Þjóðminjasafn. Þjóðhildur ætlar að vinna áfram í sumar og fékk

100.000 króna styrk úr Pokasjóði Landverndar. Gísla var falið að fylgjast með málinu og að þeir hafi samband við Náttúruverndarráð og taki tillit til ábendinga Skógræktar. Ásólfur taldi þörf á að færa bílastæði við Þjóðveldisbæ nær bænum. Ræddi hann um að láta bílastæðið ná alveg upp að brekkunni og einnig að útbúa tröppur. Einnig minntist hann á að planta þyrfti birkitrjám við og fyrir ofan bæinn, en það mun vera búið að ákveða.

Böðvar ræddi um að gera þyrfti samning við Skógræktarfélag Íslands vegna trjáplantna frá Landsgræðsluskógaátaki. Stjórn Átaksins krefst þess að fá að gera samning við landeigendur vegna afhendingar plantna. Taldi Jóhann það undarlegt þar sem Landsvirkjun gaf fé í Átakið með því skilyrði að plöturnar færu í að tengja Búrfellsskóg við byggðina á Búrfelli. Jóhann talar við Brynjólf Jónsson hjá Skógræktarfélaginu. Ásólfur ræðir við oddvita hreppsins. Látnar voru plöntur af hendi í fyrra án samnings.

Guðmundur sagði að búið væri að planta yfir 44.000 trjáplöntum, og var stór hluti þeirra framleiddur af starfsmönnum við Búrfell. Böðvar sýndir skipulagsuppdrátt af tjaldstæðum við Ásólfstaði og Skriðufell, og hjólhýsastæðum. Leist mönnum vel á. Allsherjarskipulagið er rétt að verða tilbúið.

Fundarmenn þáðu kaffi og brauð og var síðan farið í vettvangskonun. Nefndin féllst á tillögurnar um Hjálparfoss. Keyptar höfðu verið 6 trjáplöntur frá söfnun Styrkarfélags lamaðra og fatlaðra í sundlaug, og voru þær settar niður við Hjálparfoss.

Ákveðið var að trjáplötun yðri héðan í frá liður í fundum nefndarinnar.

Einnig var litið á bílastæðið við Þjóðveldisbæinn og hafði enginn á móti færslu, en menn voru á móti að setja áberandi tröppur upp að bænum.


Ekki gafst tími til að fara inn í Gjána. Haldið í bæinn kl. 17:30. Minnst var á að halda næsta fund í haust.

Fleira var ekki rætt.



Mosfell Oct 913

fsk4



Kynnisferð um Mosfell 14/10 1993.

-----  
Póstur 1. Staður: Vesturhliðar Mosfells við Lat.  
-----

Herfað með diskaherfi: Alherfing. Ein yfirkeyrsla með diskaherfi 1988. Plantað 1989.

Hér hefur verið plantað of fljótt. Holklakalyfting of mikil. Diskaherfing þarf að liggja 2-3 ár áður en gróðursett er. Líklegt að hér hefði áburðargjöf þurft að koma til strax eftir herfingu. (Diskaherfing + TTS herfing var framkvæmd annarsstaðar í Mosf)

-----  
Póstur 2. Staður: Selrani/ Einbúamýri.  
-----

Plægt með Skoska plógnum 1991 með 8 - 10 m. millibili. Kýlræst með plóg Pálma Jónssonar sumarið 1992. Plöntustæði pressuð með jarðytu í ágúst 1992. Ösp gróðursett ca 15. ágúst 1992. TTS herfað milli plógfara í ágúst 1993. Tvær yfirferðir. -- Gróðursett verður í TTS spor 1994, Hvítgræni og Sitkagræni.-

A stykkinu norðan við skurðinn var ösp gróðursett :  
a) Upp á plógstrengi  
b) Utan í plógstrengi  
c) Til hliðar við plógstrengi.

-----  
Póstur 3. Staður: Stykkinn 3.  
-----

Jarðvinnsla með Spóastaðaplóg.

Heimasmiðaður Plógur Þorfinns Þórarinssonar á Spóastöðum Bisk. Tekur upp þrihyrnu og veltir strengnum upp á bakkann. Gróf vinna. Vinnur vel á hríslausu, og snöggu landi. í loðnum og hrígrónum mýrum vill setjast framan á hnifinn. Ekkert fyrirskurðarhjól er á plógnum.

-----  
Póstur 4. Staður: Vestasta mýrin.  
-----

Jarðvinnsla með Markhúsarplóg.

Heimasmiðaður plógur Markhúsar Runólfssonar í Langagerði. Vinnur eins og Þorfinnsplógurinn, en veltir ekki plógstrengnum. Tekur grynna og vinnur finlegri vinnu. Er með fyrirskurðarhjól. Mjög þægilegur í notkun: Lítið um að safnist á hnifinn. Hér á að planta 1994 sitkagræni 75% og ösp 25%.

-----  
Póstur 5. Staður: Vestustu holtin.  
-----

TTS jarðvinnsa á mosamóa.

Staðarval: Í kant TTS fars- uppi á óhreift - eða ofan í spor og þá með undanfarandi sáningu hafra + áburðar + ranabjöllueiturs.

Jarðvinnsa með brennslu.

meira í jarðvinnslu. Einnig er hér brennt og TT8 herfað.  
Hér er einnig verið að skoða áhrif brennslu á ranabjöllufjölda.

Samningur um Leigu á Hallslaut.

Sveinn Kjartansson kt:060767 5649, Lindargötu 11 Reykjavík í samningi þessum nefndur leigutaki og Skógrækt Ríkisins gera með sér svofelldan samning:

1. Leigutaki leigir landsvæðið Hallslaut í Þjórsárdal til hátíðahalds, fyrstu helgina í júlí 1993, frá föstudegi til sunnudags.
2. Leigugjald fyrir landnotkunina er kr 250,-pr seldan miða.
3. Leigutaki sér um og ber ábyrgð á hátíðargestum, gæslu allri, hreinlætisaðstöðu svo og að svæðið sé hreinsað af rusli við hátíðarlok og á meðan á hátíðinni stendur.
4. Leigutaki skal sjá um að ekki verði landspjöll af völdum hátíðargesta, né sé um akstur utan vega að ræða.
4. Til tryggingar á greiðslum fyrir landnotkun, svo og hugsanlegri vinnu við hreinsun á svæðinu eftir lok hátíðarinnar eða öðru sem lagfæra þarf og er sannanlega afleiðing þess að hátíðin var haldin, leggur leigutaki fram tryggingarvixil að upphæð kr 400.000,00 fjögur hundruð þúsund kr.

200.000

Þjórsárdal 19/6 1993

Sveinn Kjartansson

F.h. Skógræktar Ríkisins

Vitundarvottar að rétttri dagsetn  
fjárræði og undirskrift leigutaka.

Sveinn Kjartansson

Sveinn Kjartansson

060670-4789

3285 miðar seldar

x 250

82850 Leigugjald fyrir Hallslaut.

6.66.250 kr.

Botvandur Jónsson

Greinargerð með umsókn til Pokasjóðs Landverndar.

Göngu/náttúrustigar í Haukadál.  
-----

Undanfarin ár hefur sívaxandi straumur ferðamanna, aðallega íslenskra verið að skógræktarsvæðinu í Haukadál í Biskupstungum, sem er í eigu Skógræktar Ríkisins. Þessi umferð er aðallega um helgar, þegar enginn starfsmaður Skógræktarinnar er á staðnum.

Engar merkingar eru í landinu utan skiltis þar sem ekið er inn í girðingu Skógræktarinnar en þar stendur: Skógrækt Ríkisins, Haukadalur.

Umferðin er aðallega tvennskönar: a) Gegnumgangandi umferð bíla á leið inn á línuveg á Haukadalsheiði yfir á Uxahryggi, b) umferð fólks sem vill skoða skóginn og ganga um hann og kynnast honum.

Hugmynd okkar er sú að setja upp þrjár mismunandi gönguleiðir, mis langar og mis erfiðar. Grófa hugmynd að legu þessarar göngustíga má sjá á meðfylgjandi korti. Á þessum göngustígum, sem hver um sig yrði merktur með sínum einkennislit, er ætlunin að setja upp lítil skilti (plastaðar pappírsarkir), þar sem upplýsingum um skóginn (tegundir, kvæmi, aldur o.f.l.) yrði komið fyrir. Örnefnaskiltum úr varanlegu efni yrði komið fyrir á sínum stöðum. Bílastæðum yrði komið fyrir við enda stíganna.

Að stæstum hluta yrði gönguleiðunum komið fyrir á núverandi slóðum og brautum í skóginum. Á tveim stöðum þyrfti þó að búa til slóða þar sem þeir eru ekki núna og brúa þyrfti læk á einum 4 stöðum.


Með þessu móti mætti stýra umferð fólks á þá staði í skóginum sem eru hvað athyglisverðastir, upplýsa það um náttúruna á staðnum og gera stutta dvöl fólks á staðnum uppbyggjandi.

Ætlunin er að fjölríta kort af svæðinu þar sem fram koma helstu kennileiti, lega stíganna, bílastæði ofl. Korti þessu yrði komið fyrir á aðgengilegum stað, þannig að fólk tæki kortið með sér á gönguna.

Til hliðar við þetta verkefni þá er jafnframt unnið að öðru, í samstarfi við "Ataksverkefni Uppsveita Arnessýslu" um gerð gönguskiðalands í Haukadál, þar sem skiðagöngubrautirnar verða að hluta til þær sömu og sumargöngubrautirnar. Þarna er því verið að opna land til útivistar meiri hluta árs, ferðafólki til yndis og væntanlega sáluhjálpur nokkurrar og íbúum nærliggjandi sveita e.t.v. til atvinnuaukningar.



# Gönguskíðaleiðir í Haukadal






## **Skíðadagur fjölskyldunnar.**

Ákveðið er að kynna svæðið  
með því að halda  
"Skíðadag fjölskyldunnar"  
í mars.

Göngubrautir verða lagðar  
við hæfi allra, allt frá  
1 til 5 km. langar.

Útbúið hefur verið kort sem  
sýnir helstu gönguleiðir og  
verður það fáanlegt á  
staðnum við upphaf  
ferðarinnar.



\*\*\*\*\*

Fjölskyldudagurinn  
verður nánar auglýstur  
í fjölmiðlum þegar þar  
að kemur.

\*\*\*\*\*

Við hvetjum áhugafólk  
um útiveru til að kynna  
sér þetta svæði á  
"Skíðadegi  
fjölskyldunnar"

\*\*\*\*\*



**Ferðamálanefnd Biskupstungna.**

Skógrækt Ríkisins.



# GEYSIS GANGAIN

## 1993

VIÐURKENNING

*fýr þáttöku i fýrstu  
Geysisgöngunni*

Nafn.

*þökkum þáttökuna*

Skögrækt Ríkisins.  
Ferðamálanefnd Biskupstungna.  
Hótel Geysir.

*Íprottir fyrir alla.*

11/1 1994.

Eignaskrá Skógræktar Ríkisins  
Suðurlandsdeild.

1. Húseignir.

-----  
1.1 Haukadalur

a. Starfsmannahús 120 m <sup>2</sup> . timbur		byggt	1982
b. Sumarbústaður (Hákonarbústaður) 85 m <sup>2</sup>		-	1938
c. Kirkja járnv.tiburhús.	110 m <sup>2</sup>		1850
d. Jónshús geymslukofi	10 m <sup>2</sup>	-	1955
e. Hvítur (geymslukofi)	20 m <sup>2</sup>	lélegur	x
f. Gufubað (ónýtt 1993)			1985

1.2. Þjórsárdalur

a. Starfsmannahús (Kyrrepeir) 160 m <sup>2</sup>		byggt	1986
b. Svefnskáli (Lópræll) 36 m <sup>2</sup>		-	1977 Laus
c. Geymsla (Laugarvegur 7) 24.8 m <sup>2</sup>		-	1966 Laus
d. Mötuneyti gamla 30 m <sup>2</sup>		-	1961 Laus
e. Búr 10 m <sup>2</sup>		-	1961 Laus
f. Wc hús (á hjólhýsastæði) 10 m <sup>2</sup>		-	1985 Laus
g. Wc hús (á Hjólhýsastæði) 6 m <sup>2</sup>		-	1993 Laus
h. Wc hús (Sandártungu) 18.5 m <sup>2</sup>		-	1993 Laus
i. Rotpró 13.000 lítr. (tankur af oliubil)		-	1993

1.2.1. Þjórsárdalur: hús á Skriðufelli.

a. Íbúðarhús (ekki notað lengur)		byggt	1937
b. Fjós og hlaða.		-	1957
c. Votheysgryfjur 2 stk samb.v.fjós		-	1955
d. Haughús. Utan fjóss.		-	1957
e. Véla og verkfærageymsla og mjólkurhús		-	1958

1.3. Mosfell.

a. Starfsmannahús	endurreist	1988
(Hreðarkot, flutt frá Jafnaskarði) á stólpum.		
b. Svefnskúr (fl.úr Þjórsárdal 1988)	byggt	1961 Laus

1.4. Þórsörk.

a. Svefnskúr (Moelven) settur niður notaður	1976
(orðinn mjög lélegur 1993)	

1.5 Gagnheiði 25 Selfossi

Ahaldahús/skrifstofa 308.9 m <sup>2</sup>	1991
(er eign ríkissjóðs, ekki Skógr.Rík.)	

1.6. Skarfanés í Landsveit.

a. Viðlegukofi. (endurbyggður af ferðakl."SAMfó 1988)	1950
b. Wc hús. (kamrar) 2 stk	1991

## 2. Búnaður Starfsmannahúsa

### 2.1 Haukadalur:

a. Eldavél	Electrolux	1983
b. Frystikista		1983
c. Kæliskápur		1983
d. Sjónvarp (lit)		1985
e. Hraðsuðuketill	Rowenta	1983
f. Hrærivél	Kenwood	1985
g. Þvottavél	Candy	1985
h. Rúm fyrir 11 manns		
i. Sófasett 3+2+1		1990
j. Sófaborð		1990
k. Borðstofuborð		1983
l. Borðstofustólar 12 stk		1983
m. Hljómfl.tæki	Tecnic	1991
n. Símtæki	Replikk	1990
o. Slökkvitæki		x

### 2.2 Þjórsárdalur:

a. Eldavél	Rafha	1986	
b. Frystiskápur	Simens	1989	
c. Kæliskápur	Simens	1988	
d. Eldhúsvífta	Rafha	1986	
e. Sjónvarp (lit)	Philips	1985	
f. Hrærivél		1984	
g. Hraðsuðuketill	Rowenta	1984	
h. Rúm f. 9 manns + 4 í Lópræl			
i. Hornsófi 8 manna		1987	
j. stóll (fylgir hornsófa)		1987	20 þús
k. Sófasett 3+2+1		1987	40 þús
l. Borðstofuborð 2 stk		1986	
m. Borðstofustólar 14		1986	
n. Skrifborð		1986	
o. Skrifborð gamalt		1990	gjöf
p. Skrifborðstóll		1986	
q. Kaffikanna (raf)		1987	
r. Vatnshitakútur 200 l. Westinghouse		1986	
s. Thorens hljómfl.tæki		1989	gjöf

### 2.3 Mosfell.

a. Eldavél (gas)		1955
b. Kæliskápur (úr. Þ.d.)		1973
c. Kaffikanna	Braun	1989
d. Frystikista (keypt notuð)		1989
e. Vatnshitakútur (keyptur notaður)		1990

### 2.4 Þórsmök.

Svefnbálkar fyrir 4 menn.

### 3. Flytjanleg hús/kofar.

a. Svefnskúr flytjanl. Timbur	smíðaár	1976
b. Eldhús á hjólum. Timbur	-	1983

### 4. Bifreiðar

Kfo42 Mitsubisi L 300 árg 1990	kaupár	1991
X8044 Mercedes Bens 1624 árg 1980	-	1988
X8117 Hino 10 hjóla, árg 1980	gefinn	1989
R13181 Hino 10 hjóla, árg 1978 afskráður (oliubill. hræ)	kaupár	1993

### 5. Dráttarvélar

a. Ad 1104 Massey Ferguson grafa árg 1974	kaupár	1974
b. Xd 2040 Zetor 7045 4x4 árg 1982	-	1982
c. Ld 1914 Zetor 7045 4x4 árg 1983	-	1983
d. Ld 2106 Deutch 4.10 árg 1987	-	1987
e. Jarðýta Cat D4E árg 1974	-	1974

### 6. Dráttarvélatengd tæki

a. Mýrarplógur (jarðýta) Skoskur árg 1974	kaupár	1974
b. Herfi TTS finnskt	-	1988 Mosf
c. Veghefill heimasmiðaður	sm.ár	1974
e. Mykjudreifari (Drellir)	kaupár	1990 Skf
f. Sturtuvagn (KA)	-	1983
g. Kerra stór með tjaldi, smíðuð á Tum	-	1974
h. Kerra lítil (græn)	-	1966
i. Kerra stór. Heimasmiðuð m.bremsum	-	1993
j. Tengivagn f.vörubíl. VA 553	-	1990
k. Kappsög f. eldivið (frá Hall)	kom hér	1974
l. Viðarkleyfir (frá Hall)	kom hér	1974

## 7. Skrifstofuhúsgögn og tæki.

a. Talva Tulip at compact 2.	Talva Einars Þ, kom hér	1990
b. Talva Tulip Visionline		1992
c. Prentari Fasit.(Einar Þ.)	kom hér	1990
d. Faxtæki Nashua F820		1989
e. Skjalaskápur		1955
f. Skrifborð		1955
g. Skrifborð		1990
h. Stólar 2stk		1991
i. Reiknivél 1232 Ibico		1989
j. Korta Ljósaborð heimasmiðað		1980
k. Kortaskápur Neolt		1988
l. Símsvari Réplikk svar		1991
m. Símtæki Gold Star (Sigtún 9)		1989

## 8. Gróðursetningarverkfæri

a. Bjúgskóflur	16 stk.
b. Plönturör 50cm3	10 -
c. - 100cm3	
d. - 150cm3	10 -
e. Hakar	3 -

## 9. Burðarútbúnaður fyrir plöntur

a. Mjaðmabretti f.bakka	12 stk.
b. Bakgridur f.bakka	3 -

## 10. Vélknúnar Sagir.

a. Kjarrsagir Jonsreeds	8 stk
b. Kjarrsagir Jobu	2 - afskrifaðar, safngripir.
c. Keðjusagir Jonsreeds	2 -
d. Keðjusagir Jobu	2 -

## 11. Ymis smáverkfæri

Borvél Metabo	1 stk Typ Sb 605 4848822000	1992
Borvél	1 stk AEG SB 2E 1001 RL	1988
Slípirokkur	1 stk Model 9005 B Makita	1989
Sög f. járn	1 stk MEP 616823	1988
Rafsuðuvél	1 stk Migatrinic CEA 141 420	1974
Logsuðutæki	1 sett AGA	1986
Smergell	1 stk Metabo typ 4395	1985
Hjólatjakkur	1 stk. (Bensi)	1986
CB Talstöð Leifi 20173	1 stk. Benco 01 600	1986
Loftpressa Polaris 400m	1 stk. No 763375 2250 Exp	1992

Yfirfarið og endurskoðað 11/1 1994.

Böðvar Guðmundsson.

# Jólatréssala

## Skógræktarinnar Gagnheiði 25

Við seljum:

Íslensk tré: Rauðgreni- Stafafuru - Blágreni

Dönsk tré: Norðmannsþin

Íslenskar greinar: Stafafura - Hvítþinur

Danskar greinar: Norðmanns og Eðalþinur

Cýpres.

Arinviður - Jólatrésfætur.

Lítið við í skemmunni hjá Skógræktinni

Gagnheiði 25 Selfossi

sími 22010

Við opnum 11. des.




WC Hús  
STERNIGER  
1:2000

Stögrakt ríkisins  
Salfos

11/5-93 Bg

A.


C



Hlúð ísl. spjall  
af hlúð C

djórít  
0.71%

D



Kiggundi spalusklaininy

PALAU 1.50


WE HUS  
Sferri gerit.  
1:2000

Skogrukt ríkissins  
Safn

1593

Ljót  
0.71%

B




Hyönte  
0,71%

WC tilis  
8katti geru  
1:2000

Shögretkt rikisins  
Selfoss

11/5-93437



WC þús hjórit  
 Sterri gerö.  
 1.2000  
 0,71%



Stögrækt ríkisins  
 Seltforn

11/5 93 17.

WC HÚS  
MINNI GERÐ  
M: 1:200

Skógrækt ríkisins  
Safnari


U/S 93/27





hjárnt  
0,71%

1-299

GAFL A



GAFL B



M: 12.96

WC HÚS

MINNI GERÐ

SKÓGRÆKT RÍKISINS

Skógrækt ríkisins  
Súlfoni

11/5-93 Bj.

Þjóst  
0.71%